

- 214** t. Skólahjúkrunarkona skal leita fyrir mæla hlutaðeigandi skólástjóra um tilhögun
22. jan. á störfum sínum, að svo miklu leyti sem þau kunna að valda röskun á daglegri starfsemi skólans.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. janúar 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

215
25. nóv.

AUGLÝSING

um stöðumæla í Reykjavík.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur ákveðið, að gjaldskyldutími á stöðumælareitum verði á laugardögum færður til samræmis við almennan lokunartíma sölubúða, þ. e. til kl. 16, á tímabilinu október til desember ár hvert.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 25. nóvember 1958.

Sigurjón Sigurðsson.

216
20. des.

AUGLÝSING

um iðgjöld fyrir búfjártryggingar.

Ársiðgjöld fyrir búfjártryggingar af hverjum 100 krónum váttryggingarfjárhæðar ákveðast til bráðabirgða þannig:

Naut	1.6%
Kýr (heil kúabú)	12.0%
Kynbótahestar	3.9%
Hrútar	6.2%
Ær og gimbrar (sauðfjárhópar):	
1. Þar sem beitolönd liggja ekki að sjó	4.5%
2. Þar sem beitolönd liggja að sjó:	
a. Sé ekki flæðihætt	6.0%
b. Sé flæðihætt	7.5%

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 26. febrúar 1943, um búfjártryggingar, og lögum nr. 90 15. des. 1952, um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar, gildir frá 1. október 1958. Jafnframt er úr gildi fellt auglýsing um iðgjöld fyrir búfjártryggingar, útgefin 22. desember 1949.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. desember 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.